

# margt smátt ...

2. tbl. 2016



# Notendastýrð nálgun er málið!

Þegar þessi orð eru skrifuð hafa grunnskólar landsins nýlokið störfum þetta starfsárið og það er yndislegt að heyra í börnum og unglingum leika sér úti við langt fram á kvöld. Á örskömmum tíma hafa tún og plöntur tekið við sér og allt er orðið grænt. Það er komið sumar.

Hér á Íslandi fögnum við flest sólinni og vonum að hann haldist þurr í sumarfríinu. Í Eþíópíu hafa miklir þurrkar í fyrra og í vor hins vegar valdið endurteknum uppskerubresti þannig að búfé hefur fallið úr hor og milljónir íbúa eu nú háðar aðstoð um lífsviðurværi. Stjórnvöld í landinu brugðust skjótt við með matarsendingum á verstu þurrkasvæðin en ráða ekki óstudd við ástandið. Auk þess að glíma nú við þessar afleiðingar El Nino veðurhamsins er Eþíópía stærsta móttökuríki flóttafólks í Afríku með fleiri en 700.0000 manns í flóttamannabúðum víðs vegar um landið.

Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sendi í vor út neyðarbeiðni til að fjármagna brýna aðstoð í landinu. Hjálparstarf kirkjunnar svaraði kalli með styrk frá hjálparliðum sem styrkja starfið með föstu framlagi, almenningi og utanríkisráðuneytinu og hefur nú sent ellefu og hálf milljón króna til að tryggja lífsviðurværi sjálfspurftarbænda á verstu þurrkasvæðunum.

Í þessu blaði ætlum við að segja ykkur frá aðstæðum fólksins og hvernig aðstoðin sem veitt er gerbreytir lífi þess. Við ætlum líka að segja frá því hvernig langtíma þróunarsamvinnuverkefni okkar á öðru slæmu þurrkasvæði í landinu hefur eflt getu íbúanna þar til að tækla ástandið nú með góðum viðbúnaði og þannig komið í veg fyrir mjög alvarlegan vatnsskort.

En aftur heim. Samkvæmt Hagsjá Landsbankans frá 8. júní síðastliðnum hefur kaupmáttur launa aldrei verið meiri hér á landi. Bankinn segir einkaneyslu hafa aukist og og skuldir almennings lækkað. Frá velferðarráði Reykjavíkurborgar bárust svo í byrjun júní þau gleðitíðindi að nærri fjórðungi færri hafi nýtt sér fjárhagsaðstoð borgarinnar á fyrsta ársfjórðungi 2016 miðað við sama tíma í fyrra.

Ástæðan er rakin til betra ástands á vinnumarkaði og til náinnar vinnu með fólkinu sem hefur notið aðstoðar og einstaklingsmiðaðrar nálgunar í þjónustu.

Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru einmitt lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að skilja fólkið sem hingað leitar og vinna síðan með fólkinu út frá aðstæðum þess og á forsendum þess sjálfs. Í öllu starfi er markmiðið að fólk geti aukið getu sína til að takast á við erfiðar aðstæður og komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Við leggjum sérstaka áherslu á starf í þágu barna og unglinga sem miðar að því að þau geti orðið virkari í samfélaginu. Við viljum sjá til þess að efnislegur skortur takmarki ekki möguleika þeirra til farsæls lífs. Um 250 börn nutu stuðnings Hjálparstarfsins á síðasta starfsári vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tólmundastarfs.

Í þessu blaði ætlum við einmitt að segja frá því hvernig til tókst í sumarfríu fyrir efnalítar barnafjölskyldur sem var skipulagt í sumarþáttum skáta við Úlfjótstvatn nú fyrr í júní en alls tóku 16 fjölskyldur eða 49 konur og börn þátt í því að þessu sinni. Verkefnið gaf félagsráðgjöfunum okkar tækifæri til að standa upp frá skrifborðinu og vera með fólkinu en það auðveldar þeim að byggja starfið á styrkleika sem koma í ljós í svona samvinnuverkefnum sem miða að sjálfstyrkingu og virkni.

Takk fyrir að vera með okkur í að hjálpa fólki til sjálfshjálpar!

*Sumarkveðja, Kristín Ólafsdóttir,  
upplýsingafulltrúi hjálparstarfs kirkjunnar*



## margt smátt ... gerir eitt stórt

2. tbl. 28. árg. júní 2016.

Fréttablaðið Margt smátt ... sem kemur út 2-4 sinnum á ári er sent endurgjaldslaust til styrktarmanna, presta, sóknarnefnda, skóla, fjölmiðla, bókasafna og annarra velunnara blaðsins.

Láttu okkur vita  
viljir þú fría áskrift.

Útgefandi: Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason.

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00–16:00.

Síminn er 528 4400 og bréfsími 528 4401.

Ritstjóri: Kristín Ólafsdóttir, ábm., kristin@help.is

Forsíðumynd: Gamall maður fær laun fyrir vinnu sína við forvarnir á þurrkasvæðum í Lalibela í Eþíópíu. Hjálparstarf kirkjunnar/Bjarni Gíslason.

Myndir: Sophie Gbreyes/LWF/ETH, ACT Alliance og Hjálparstarf kirkjunnar.

Prentvinnsla: Litróf-umhverfisvæn prentsmiðja.

**Framlögum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar má koma til skila í bönkum og sparisjóðum, til skrifstofunnar, í gegnum [www.help.is](http://www.help.is) og [www.framlag.is](http://www.framlag.is). Gjafabréfasíða: [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is).**

**Reikningar sem leggja má inn á:**

0334-26-050886 fyrir verkefni erlendis, kt. 450670-0499.

0334-26-27 fyrir verkefni innanlands, kt. 450670-0499.



Neyðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar vegna þurrka í Lalibela í Eþíópíu felst meðal annars í því að greiða vinnufæru fólki laun fyrir vinnu við forvarnir. Óvinnufærir; konur gengnar 6 mánuði eða lengur á leið, konur með börn yngri en 6 mánaða á brjósti, eldra fólk og fatlað, fá sömu upphæð, 35 birr eða 210 krónur á dag, sem dugar til lágmarks fæðuöflunar. Stefnt er að því að veita 4.670 íbúum á svæðinu neyðaraðstoð þangað til uppskera fæst á ný. Fólkið undirbýr nú jarðveginn og ef rignir á regntímanum í júlí og ágúst er búist við uppskeru seint í haust.



### margt smátt ... þakkar stuðninginn

#### REYKJAVÍK

Aðalverkstæðið ehf  
Aðalvik ehf  
Afreksvörur  
AH Flutningar, sendibílar  
Alvin ehf  
Ambassade Apartments ehf  
Analytica ehf  
Annata ehf  
Apparat ehf  
Arctic Trucks Ísland ehf  
Arkitektastofan OG ehf  
Arkis arkitektar ehf  
ASK Arkitektar ehf  
Auglýsingastofan ENNEMM  
Áltak ehf  
ÁTVR Vínubúir  
B. Ingvarsson ehf  
Bakkus ehf

Barnatannlæknastofan ehf  
Bending 1 ehf  
Ber ehf, vinheildsala  
Beta líf ehf  
Bifreiðaverkstæði Svans ehf  
Bílalíf, bílasala  
Bílasmiðurinn hf  
Bjarnar ehf  
BK fasteignir ehf  
Blaðamannafélag Íslands  
Blikksmiðja Reykjavíkur  
Blossi ehf  
Blómabúðin Hlíðablóm  
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf  
Borgarþýsur  
Bókhaldstofa Armar Ingólfssonar  
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf  
Bókhaldsþjónustan Rúnir ehf  
Bókhaldsþjónustan Vík

Bólstrarinn ehf  
Bónstöðin hjá Jobba ehf  
Brauðhúsið ehf  
Brynja, Hússjóður  
Öryrkjabandalagsins  
Danica sjávarafurðir ehf  
Dansrækt JSB ehf  
Danssmiðjan ehf - Dans & Jóga  
Dimmalimm barnafataverslun  
Durum restaurant & take away  
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf  
Dýraspítalinn Viðidal ehf  
Eðalbílar ehf  
Eðalflutningar ehf  
Efling stéttarfélag  
Efnalaugin Björg  
Eignamiðlunin ehf  
Eignaskipting ehf  
Eldhús sælkerans ehf

Ergo fjármögnunarþjónusta  
Íslandsbanka  
Emir ehf  
Ernst & Young ehf  
Fást ehf  
Felgur smiðja ehf  
Ferðaþjónusta bænda hf  
Fiskbúðin Sæbjörg ehf  
Fiskmarkaðurinn ehf  
Fjárhald ehf  
Fosberg ehf  
Fylgifyskar ehf  
Gagarín ehf  
Garðmenn ehf  
Garðs Apótek ehf  
GÁ húsgögn ehf  
GB Tjónaviðgerðir ehf  
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun

Gilbert úrsmiður  
Gjögur hf  
GLÁMA-KÍM arkitektar  
Goðhóll ehf  
Góflagnir ehf  
Guðmundur Arason ehf, smiðjám  
Guðmundur Jónasson ehf  
Gullsmiðurinn í Mjódd  
Gunnar Örn - málningarþjónusta  
Hagi ehf-Hilti  
Hár Class hársnyrtistofa  
Herrafataverslun Birgjis ehf  
HGK ehf  
Hitastýring hf  
Hjá Dóra ehf, matsala  
Hjá Hrafnhildi  
Hjúkrunarheimilið Skjól  
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan

Hljóðfærahúsið ehf  
Hlöllabátar  
Hótel Leifur Eiríksson ehf  
Hótel Lotus  
Hótel Örkin, sjómannaheimili  
Hreinsitækni ehf  
Hreyfimyndasmíðjan ehf  
Hugbúnaður hf  
Húsafll sf  
Húsaklæðning ehf-www.husco.is  
Höfðahöllin bílasala  
Höfðakaffi ehf  
Höfði fasteignasala  
Iceland Congress  
Iceland Guided Tours  
Iceland in a day ehf  
Iðnó ehf  
Innlifun ehf  
Innnes ehf



Í Lalibela í norðurhluta Eþíópíu hafa viðvarandi þurrkar valdið sjálfsþurftarbændum þungum búsisfjum. Neyðaraðstoð þar er sannkölluð hjálp til sjálfshjálpar. Hún felst m.a. í því að bændur hlaða varnargarða og grafa áveituskurði fyrir næsta regntíma og fá laun fyrir. Launin notar fólkið til að kaupa mat og aðrar nauðsynjar. Mynd: Sophie Gebreyes/LWFIETH

## Komið í veg fyrir hungursneyð

Héraðið Lalibela í norðurhluta Eþíópíu er frægt fyrir sínar ellefu kirkjur sem þar voru höggnar í berg á 12. öld og eru nú á heimsminjalista Sameinuðu þjóðanna fyrir menningarsögulegt gildi og einstaka byggingarlist. Í héraðinu hafa miklir þurrkar í fyrra og í vor hins vegar valdið endurteknum uppskerubresti þannig að búfé hefur fallið úr hor og sjálfsþurftarbændur eu nú háðir aðstoð um mat og drykk. Stjórnvöld veita aðstoð á svæðinu en vandinn er of stór til að þau ráði við hann án utanaðkomandi stuðnings.

Í byrjun júní sendi Hjálparstarf kirkjunnar framlag upp á ellefu og hálf milljón króna til neyðaraðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs

kirkna, ACT Alliance, í héraðinu. Verkefni ACT Alliance er bæði hugsað sem skammtímalausn því að bændur fá greidd laun fyrir vinnu sína og geta keypt mat og aðrar brýnar nauðsynjar fyrir þau en um leið er það hugsað sem lengri tíma forvarnarverkefni. Með því að grafa áveituskurði og varnargarða koma bændurnir í veg fyrir að úrhelli regntímans flæði yfir og eyðileggji ræktarland þegar loks rignir á ný. Með því að taka þátt í verkefninu er óhætt að segja að sjálfsþurftarbændurnir á þurrka-svæðunum komi sjálfir í veg fyrir hungursneyð nú - og vonandi í framtíðinni.

4

### margin smátt ... þakkar stuðninginn

Intellecta ehf  
Í allar áttir ehf  
Íbúðagisting.is  
Ísbúð Vesturbæjar ehf  
Ísbúðin Erluis  
Íslandsstofa  
Íslensk endurskoðun ehf  
Íslenski barinn ehf  
Íslenskir endurskoðendur  
Ísold ehf  
Jardafll ehf  
K. H. G. Þjónustan ehf  
K. Pétursson ehf  
Kjöthöllin ehf  
Kliphúsið ehf  
KOM almennatengsl  
Kóralll sf  
KPMG ehf  
Kramhúsið ehf

Landssamband kúabænda  
Landssamtök lífeyrissjóða  
LC Ráðgjöf ehf, stjórnunar- og rekstrarráðgjöf  
Le Bistro-franskur bistro & vinbar  
Lífandi vísindi  
Litróf ehf  
Lyf og Heilsa  
Lyfis ehf  
Lyfjaver ehf  
Lögfræðisþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl  
Lögmannafélag Íslands  
Löndun ehf  
MD vélar ehf-www.mdvelar.is  
Meba-Rhodium  
Mila ehf  
Myndhraði ehf  
Nasdaq verðbrefamiðstöð hf.

Nói-Sírius hf  
Nýi tónlistarskólinn  
Nýi ökuskólinn ehf  
Nýtt Skil slf  
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir  
Orka ehf  
Orkuvirki ehf  
Ormsson  
Ortis tannréttingar slf  
Ó. Johnson & Kaaber ehf  
ÓK Lögmenn slf  
Ósal ehf  
Parket og gólf  
Parlogis hf-Lyfjadreifing ehf  
Páll V Einarsson slf  
Pizza Royal ehf,  
Poulsen ehf  
Pósturinn

Pökun og flutningar ehf  
Rafneisti ehf  
Rafsvið sf  
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf  
Rarik ehf  
Ratsjá ehf  
Regla - netbókhalderkerfi  
REMAX Ísland  
Reykjavík Residence Hotel  
Samskipti ehf  
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF  
Securitas hf  
Segull ehf  
Sindri RE 46  
Sjáðu gleraugnaverlun  
Sjávargrillið ehf  
Sjómannasamband Íslands

Sjónlag hf  
Sjúkraþjálfunarstöð Önnu K. Ottesen  
Skorri ehf  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins  
Smith og Norland hf  
Smurstöðin Klöpp ehf  
SOS tölvuhjál, s: 864 0931  
Sólón Bistro  
Stansverk ehf  
Stál og stansar ehf  
Steypastöðin ehf  
Stjörnuegg hf  
Stólpi gámar, gámaleiga- og sala  
Suzuki bílar hf  
Sveinsbakari  
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu  
Sægreifinn, Verbuð 8

Söngskólinn í Reykjavík  
Talnakkönnun hf  
Tannlæknastofa Bjarna Sigurðssonar  
Tannlæknastofa Geirs A Zoega  
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf  
Tannlæknastofa Sólveigar Þórarinsdóttur ehf  
Tannsmíðjan Króna sf  
TBG ehf  
TCM Innheimta ehf  
The Cocoo's Nest  
THG Arkitektar ehf  
Tónmenntaskóli Reykjavíkur  
Trausti Sigurðsson tannlæknir  
Trex-Hópferðamiðstöðin  
Trésmíðja GKS ehf  
Túnþokjuþjónustan ehf,



## „Börnin okkar munu njóta góðs af því sem við erum að gera hérna“

burtu frá fjölskyldunni og vinum til að freista þess að sjá okkur farborða,“ segir hún. Launin hér duga til að kaupa hirs í graut og brauðið injera sem er þjóðarréttur í Eþíópíu en ekki til að kaupa næringarríku korntegundina teff sem vanalega er notuð í brauðgerðina enda hefur verðið á því hækkað úr 2000 birr fyrir 2 kg í lok síðasta árs í 2500 birr nú. „Launin duga skammt en þetta er gott verkefni sem börnin okkar munu njóta góðs af líka þar sem við erum að undirbúa jarðveginn til frambúðar,“ segir Gete um vinnuna og afrakstur hennar. Hún vonast til að geta plægt landskika sinn, sem hún verður þó að gera án uxanna sinna, fyrir regntímamann í júlí og ágúst. Vonandi mun Gete sjá afrakstur erfiðis síns með uppskeru í haust.

Gete Kibat er 23 ára gamall bóndi sem tekur þátt í verkefni ACT Alliance í Lalibela, hrjóstrugu héraði í norðurhluta Eþíópíu. Hún á tvö börn, eitt 5 ára og annað 9 mánaða gamalt sem hún ber á bakinu við vinnu sína. Í fjóra tíma á dag hleður hún varnargarð og grefur skurð í forvarnarskyni. Á næsta regntíma rignir vonandi en því miður er það svo að þegar loks rignir á ný er hætta á að kærkomið regnvatnið flæði yfir ræktarland og beri jarðveginn með sér. Með því að hlaða varnargarða og grafa skurði sjá sjálfsþurftarbændurnir á svæðinu til þess að regnvatnið fari ofan í jarðveginn og geri hann firjórri í stað þess að bera hann burt.

Gete fær 490 birr eða um 3.000 krónur útborgaðar á tveggja vikna fresti. Hún er ánægð með að hafa fengið vinnuna hjá ACT Alliance en vegna uppskerubrestsins í fyrra og í vor þurfti hún að selja uxana sína tvo til að geta keypt mat handa fjölskyldunni. „Ég er ánægð með að þurfa ekki að fara langt í



Gete Kibat fær útborgað eftir tveggja vikna erfiðisvinnu.  
Myndir: Sophie Gebreyes/LWFIETH



Alþýðusamband Íslands





Múmína er 75 ára gömul ekkja. Í stað þess að selja sprek í eldinn eins og hún gerði áður selur hún nú ýmsar nauðsynjavörur, m.a. símkort, í verslun sem hún opnaði eftir að hafa tekið þátt í atvinnuskapandi verkefni á vegum Hjálparstarfsins. Fulltrúar Hjálparstarfsins ræddu við kaupmanninn Múmínu í búð hennar í þorpinu Godene í Jijigahéraði í Sómalífylki í Eþíópíu í maí síðastliðnum.

## Múmína var sú fátækasta í þorpinu en er nú virtur leiðtogi

Í maí síðastliðnum fóru framkvæmdastjóri og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar í starfsferð til Jijigahéraðs í Sómalífylki í Eþíópíu en þar hefur Hjálparstarfið haldið úti þróunar-samvinnuverkefni í níu ár. Í þorpinu Godene hittum við fyrir Múmínu sem er 75 ára gömul ekkja. Múmína er nú mikill leiðtogi í þorpinu en hún fékk örlán, 18.000 krónur, frá Hjálparstarfinu árið 2007. Fyrir þann tíma var hún mjög fátæk og lifði af því að selja eldivið. Nú rekur hún verslun þar sem hún selur m.a. sykurl, hrísgrín og símkort. Hún stundar einnig nautgriparækt og á geitur. Örlánið hefur því skilað sér margfalt og Múmína hefur fyrir löngu greitt það til baka. Örlán og fræðsla um möguleika á atvinnuskapandi tækifærum er einmitt leið Hjálparstarfsins að því markmiði af efla völd og áhrif kvenna á svæðinu.

Í þorpinu Godene hittum við fyrir 14 ára unglingsstelpur sem svöruðu spurningum okkar feimnislega. Þær sögðust ekk hafa gengið í skóla en á meðan við ræddum við þær komu hins

vegar yngri börn út úr þorpsskólanum. Stelpurnar sögðu að þær myndu brátt ganga í hjónaband með jafnöldrum sínum og aðspurðar sögðust þær helst vilja eignast börn strax.



6

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins  
Tölvar ehf  
Tölvu- og verkfræðipjónustan  
Tösku- og hanskabúðin ehf  
ULL og gjafavörur, verslun  
Umslag ehf  
Urðarapótek ehf  
VA arkitektar ehf  
Vagnar og þjónusta ehf  
Vals tómatsósa ehf  
Varma & Vélaverk ehf  
Varmi ehf  
Verksýn ehf-www.verksyn.is  
Verslunartækni ehf  
Verslunin Rangá  
Vélar og verkfæri ehf  
Vilhjálmsson sf, heildverslun  
VSÓ Ráðgjöf ehf  
Z - brautir og gluggatjöld  
porsteinn Bergmann ehf

Þór hf  
Ögurvík hf  
Örninn ehf  
**SELTJARNARNES**  
Nesskip hf  
**KÓPAVOGUR**  
ALARK arkitektar ehf  
Allianz á Íslandi hf  
Amarljós  
Atlantic Tank Storage ehf  
Automatic ehf, heildverslun  
B&B gluggatjaldahreinsun ehf  
bilalokkun.is  
Bílaklæðningar hf  
Bílalakk ehf  
Bílaeiga Reykjavíkur  
Bílaverkstæði Kjartans og  
Þorgeirs sf  
Blikksmiðjan Vík ehf

Einar Ágústsson & Co ehf  
Einar Beinteins ehf -  
Dúklagningameistari  
Fidesta ehf, viðskiptaráðgjöf-  
www.fidesta.com  
Fjárhúsið bókhaldspjónusta ehf  
Flugfélagið Atlanta hf  
Fossar, tryggingar og ráðgjöf ehf  
GG Sport  
Guðjón Gíslason,  
dúklagningameistari  
Hafið-fiskverslun ehf  
Hagblíkk ehf  
Húsfélagapjónustan ehf  
Húsver ehf  
Hvellur-G. Tómasson ehf  
Ingi hópfærðir ehf  
Ísfix ehf  
Íslenskt sjávarfang ehf  
Íspan ehf, gler og speglar

J.S.Þ. Viðskiptastofa  
Kofar og hús ehf  
Kraftvélar ehf  
Ledlýsing  
Loft og raftæki ehf  
Lokasjóður ehf, bókhaldsstofa  
Lögtiltir endurskoðendur  
Lögmannstofa Páls Ólafssonar  
Mannrækt og menntun ehf  
Mannvit ehf  
MHG verslun ehf  
Nobex ehf  
Rafmiðlun hf  
Rafspenna ehf  
Rakarastofan Herramenn,  
Neðstutróð 8  
Réttingaverkstæði Jóa ehf  
Sigurbjörg Jónsdóttir ehf  
Skilaborg ehf bókhaldspjónusta  
Skólamyndir ehf

Skuggabyggð ehf  
Slökkvitækjapjónustan ehf  
Tiskuverslunin Ríta ehf  
Vatnsborun ehf  
Vatnsvirkinn, www.vatnsvirkinn.is  
Vetrarsól ehf, verslun  
Viðskiptapjónusta ÁGG ehf  
Visitor, ferðabókunarþjónusta  
Ýmus ehf, heildverslun  
Zenus sófar  
**GARÐABÆR**  
Apótek Garðabæjar  
Bílasprautun Íslands ehf  
Efnalaug Garðabæjar  
Engilbert ÓH Snorrason  
tannlæknastofa sf  
Garðabær  
Garðasókn  
Geislátækni ehf-Laser-þjónustan  
Hagráð ehf

Hurðaborg ehf  
Icewear  
Íslandsfundir ehf  
K.C. Málun ehf  
Ljósmyndastofa Garðabæjar ehf  
Mekka-bifreiðaverkstæði  
Garðabæjar ehf  
Okkar bakari ehf  
Onno ehf  
Val - Ás ehf  
Vörukaup ehf, heildverslun  
Öryggisgirðingar ehf  
**HAFNARFJÖRÐUR**  
220 hárstofa ehf  
Aflhlutir ehf  
Ás, fasteignasala ehf  
Ásafll ehf  
Batterið Arkitektar ehf  
Bílaeiga Route 1 Car Rental



Hér sést hvar ný vatnspró eða birka er hlaðin í maí síðastliðnum. Hún verður tilbúin til notkunar á næsta regntíma, í júlí og ágúst.

Í þorpinu Gebobe hittum við fólk sem sagði okkur að nú þyrftu þorpsbúar ekki lengur að greiða einkaaðilum fyrir vatn en áður en vatnspróin eða birkan þar var gerð í fyrra þurfti fólk að greiða sem svarar 18 - 30 krónur fyrir 20 lítra af vatni. Áður tók það líka heilan dag að fara eftir vatninu með asna en nú er birkan sem safnar rigningavatni við þorpið. Í jiggga er blessunarlega byrjað að rigna en þorpsbúar segja að þökk sé birkunni að ekki fór verr á þurrkatímanum undanfarið.

Annar mikilvægur þáttur í verkefni Hjálparstarfsins er vitundarvakning um skaðsemi limlestina á kynfærum kvenna. Alnour Abib er verkefnisstjóri Hjálparstarfsins í Jijiga. Hann sagði að stjórnvöld refsðu nú fyrir umskurð á kynfærum unglingsstúlkna. Þrátt fyrir bannið væri þó enn skorið af sníp stúlkanna. Stjórnvöld og fulltrúar Hjálparstarfsins á svæðinu hafa rætt við leiðtoga og þorpsbúa um skaðsemi þessara limlestinga og segja má að dropinn holi steininn því áður fyrr voru ytri og innri skapabarmar saumaðir saman ásamt því að skorið var af sníp.



Alnour Abib er verkefnisstjóri Hjálparstarfsins í Jijiga. Hann er í daglegu sambandi við fólk á svæðinu sem greinilega finnst það eiga í honum hvert bein. Hér er hann með leiðtoganum Múminu og Kristínu Ólafsdóttur, upplýsingafulltrúa sem tók selfie til að setja á Facebooksíðu Hjálparstarfsins á ferð sinni um héraðið.



Heilsufar batnar þegar brunnur er byggður. Þegar brunnur er kominn við þorpið þurfa íbúarnir ekki lengur að deila vatnsbólum með búfénaði. Það kemur aftur í veg fyrir sjúkdóma af völdum óheilnæms drykkjarvatns. Fólk við góða heilsu hefur þrek til vinnu og sjálfshjálpar.

Í Godene nota um 720 fjölskyldur eða 4750 manns 3 brunna sem nýlega voru grafnir með aðstoð Hjálparstarfsins. Vegna þurrka fær fólk mataraðstoð frá stjórnvöldum en nú er loks farið að rigna. Fólk undirbýr jarðveginn og er að byrja að sá. Í Godene sáum við hvað allt breytist þegar rignir. Moldin var orðin brúnni og á ökrum hafði spröttið gras. Við sáum þó afleiðingar þurrka þar sem dýrahæ voru mörg á leið okkar um héraðið.



Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri fræðist um nýtingu birku sem var grafin í fyrra.





Fullorðnir kunna líka að leika sér. Í Fram fram fylking toguðust mömmurnar á af öllu afli.

## „Allt miklu skemmtilegra þegar mamma dettur á rassinn“

„Það lifnar yfir börnunum hérna þegar mömmurnar sleppa fram af sér beislinu. Þegar mamma leyfir sér að detta á rassinn verður allt miklu skemmtilegra,“ sagði Sædís Arnardóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfsins, um stemninguna í sumarfríi fyrir barnafjölskyldur sem var skipulagt í þriðja sinn í samvinnu við Hjálpræðisherinn á Íslandi í sumarbúðum skáta við Úlfjótsvatn 7. – 10. júní síðastliðinn. Mikil og almenn ánægja var með fríð en alls tóku 16 fjölskyldur eða 49 konur og börn þátt í því að þessu sinni. Markmiðið með sumarfríinu er að draga úr félagslegri einangrun, stuðla að samveru og gæðastundum efnalítilla fjölskyldna og skapa góðar minningar. Leitast er við að byggja brýr milli menningarheima og stuðla að gagnkvæmri aðlögun en nokkrar fjölskyldur sem tóku þátt í fríinu eru aðfluttar erlendis frá.



Alveg gaga í gagabolta. Skátarnir kenndu einfaldan og stórskemmtilegan leik þar sem allir gátu verið með, jafnvel þeir sem voru úr leik.

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

Bilaverk ehf bilamálan og réttingar  
Bortækni ehf  
Dverghamrar ehf  
Einar í Bjarnabæ ehf  
EÓ-Tréverk sf  
Fjörúkráin-Hótel Viking  
Fókus-vel að merkja ehf  
G.S. múrverk ehf  
Gafllarar ehf, rafverktakar  
H. Jacobsen  
Hafnarfarðarhöfn  
Hagtak hf  
Hársnyrtistofan Fagfólk ehf  
Heimir og Jens ehf  
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð  
Hraunhamar ehf  
Hvalur hf  
Ican-Beykireykt þorsklifur ehf

Krossborg ehf  
Lava Hostel  
Lögmenn - Hlökkver Kjartansson hrl  
Markus Lifenet  
Matbær ehf  
Netorka hf  
Pappír hf  
Rafrún ehf  
SJ Tréverk ehf  
Skerpa renniverkstæði  
Smiðaverk ehf  
Snittvélin ehf  
Strendingur ehf  
ThorShip  
Trefjar ehf  
Umbúðamiðlun ehf  
Úthafsskip ehf  
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði

VSF verkfræðistofa ehf  
**ÁLFTANES**  
Dermis Zen slf  
**REYKJANESBÆR**  
Ásberg fasteignasala ehf  
Bilaverkstæði Þóris ehf  
DMM Lausnir ehf  
Efnalaugin Vik ehf  
Kaffibar.is  
Lyfta ehf  
M? Fasteignasala & Leigumiðlun  
Nesraf ehf  
Plastgerð Suðurnesja ehf  
Pulsuvagninn í Keflavík  
Reiknistofa fiskmarkaða hf  
Renniverkstæði Jens Tómassonar  
Rörvirki sf  
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

SB Trésmíði ehf  
Sigurjónsbakari  
Skipting ehf  
Skólamatúr ehf  
Toyota Reykjanesbæ  
UPS á Íslandi  
Útfarapjónusta Suðurnesja  
Verkalýðs- og sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis  
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum  
**GRINDAVÍK**  
E.P.verk ehf  
Flisa- og múrþjónustan ehf  
HK Verk ehf  
Marver ehf  
Ó S fiskverkun ehf  
Sílfell ehf  
TG raf ehf

Veitingastofan Vör ehf  
Verkalýðsfélag Grindavíkur  
VOOT Beita  
Þorbjörn hf  
**SANDGERÐI**  
Fiskmarkaður Suðurnesja hf  
Verk- og tölvþjónustan ehf  
Vélsmiðja Sandgerðis ehf  
Þensla ehf  
**GARÐUR**  
Aukin Ökuréttindi ehf  
Sporði ehf  
Variant ehf  
**MOSFELLSBÆR**  
A-Marine ehf  
Bilamálanin Örninn ehf  
Blikksmiðjan Borg ehf  
Brunnlok ehf

Dalsbú ehf  
Efnæiming ehf  
Fagverk verktakar sf  
Hlín Blómahús  
Ístak hf  
Matfugl ehf  
Mosfellsbakari  
Nonni litli ehf  
Reykjabúið ehf  
Sérþrif ehf  
Sjóund slf  
Vélsmiðjan Sveinn ehf  
**AKRANES**  
Bifreiðastöð Þórðar Þ.  
Þórðarsonar  
Bilver, bilaverkstæði ehf  
Bjarnar ehf, vélaleiga  
Fasteignasalan Hákot  
Galito veitingastaður





Allt eins og vera ber: Varðeldur og gítarspil á kvöldvöku, nema hvað! Út um mela og móa var langvinsælasta lagið.



Gleðigjafinn Razan, 6 ára, er hreyfihömluð en hún lét það ekki stoppa sig og naut þess að reyna við klifurturninn.

Siglingar á hjólabátum og kajökum voru mjög ofarlega á listanum yfir skemmtilegustu dagskráratriðin í fríinu.

Að klifra upp turninn í sumarþúðum skáta er áskorun fyrir hvern sem er. Mömmurnar sögðu það styrkja sjálfsmyndina að ná upp á topp, það væri góð tilfinning að vera fyrirmynd og sigrast á sjálfri sér.



Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfsins, var hæstánægð með að fá að standa upp frá skrifborðinu og vera með hópnunum í leik og starfi.



Styrkleikar hvers og eins fengu að njóta sín í fríinu. Mary Luz mætti í eldhúsið og kenndi starfsfólki að baka brauð á kolumbíska vísu.



**GRAFÍA**

Stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum



HUGSAÐU UM HEILSUNA



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



Fulltrúar Hjálpræðishersins í Reykjavík og Hjálparstarfs kirkjunnar, þau Ingvi Skjaldarson og Sædis Arnardóttir, taka á móti 500.000 króna styrk frá Sorpu fyrir verkefninu Heilsueflandi samvera í lok síðasta árs.



„Það er alltaf gaman að eiga góðar stundir með öðrum, kynnast nýju fólki og læra eitthvað nýtt,“ sagði þátttakandi á matreiðsluhluta námskeiðsins í vor.

## Heilsueflandi samvera aftur á dagskrá í haust

Í vetur stóðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn í Reykjavík saman að námskeiði ætlað konum sem bar heitið **Heilsueflandi samvera**. Dagskráin var fjölbreytt en meginmarkmiðið var að bæta heilsu þeirra sem þátt tóku, hvort sem um er að ræða andlega, líkamlega eða félagslega heilsu. Þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið og því hefur verið ákveðið að halda samskonar námskeið fyrir nýjan hóp kvenna og hefst það í október 2016.

Meðal dagskrárliða á námskeiðinu voru sjálfstyrking, fönður, matreiðsla, erindi um fjármál, gönguferð í Elliðaárdal, ferð á tónleika og gleðilegt erindi frá Sigríði Arnardóttur. „Hópurinn hittist einu sinni í viku og það má með sannri segja að vel hafi

tekist til en á námskeiðinu myndaðist góðu stemning í hópnum og allar vildu konurnar fá framhaldsnámskeið,“ sagði Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfsins í lok námskeiðsins í maí síðastliðinum.

Hjálpræðisherinn í Reykjavík og Hjálparstarf kirkjunnar hafa undanfarin ár staðið saman að námskeiðum og öðrum viðburðum en þetta námskeið var fyrsta sameiginlega námskeiðið sem stóð yfir í langan tíma. Það hófst í byrjun október og stóð fram í byrjun maí. Námskeiðið, hlaut 500.000 króna styrk frá Sorpu og kunna Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn fyrirtækinu bestu þakkir fyrir.

10

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

Gjafavöruslunin @Home  
Hús og bátar ehf  
MVM ehf  
Snókur verktakar ehf  
Vélsmiðja Ólafs R  
Guðjónssonar ehf

**BORGARNES**  
Borgarbyggð  
Búvangur ehf  
Dýralæknaþjónusta Vesturlands  
Eyja- og Miklaholtshreppur  
Háskólinn á Bifröst ses  
Kaupfélag Borgfirðinga  
Límtré Vínnet ehf.  
Nes ferðaþjónusta,  
www.nesreykholt.is  
Samtök sveitarfélaga í  
Vesturlandskjördæmi  
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið  
Borgarness sf

Trésmiðja Pálma ehf  
**STYKKISHÓLMUR**  
Ásklíf ehf  
Marz sjávarafurðir ehf  
Þórsnes ehf

**GRUNÐARFJÖRÐUR**  
Hótel Framnes  
Kvenfélagið Gleym-mér-ei  
Suða ehf  
Þjónustustofan ehf  
Ólafsvík  
Litlalón ehf  
Rafn ehf  
Steinprent ehf  
Steinunn ehf

**HELLISSANDUR**  
Breiðavík ehf  
Sjávaríðin Rífi hf

Skarðsvík ehf  
**BÚDARDALUR**  
Dalabyggð  
**REYKHÓLAHREPPUR**  
Þörungaverksmiðjan hf  
**ÍSAFJÖRÐUR**  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf  
GG málningaráþjónusta ehf  
Hamraborg ehf  
Harðfiskverkun Finnþoga,  
s: 456 3250  
Ísblikk ehf  
Kaffihúsið Húsið  
Massi þrif ehf  
Orkubú Vestfjarða ohf  
Samgöngufélagið  
www.samgongur.is  
Vélsmiðja ÞM

**BOLUNGARVÍK**  
Bolungarvíkurkaupstaður  
Flugrúta Bolungarvík-Ísafjörður  
Glaður ehf  
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf  
Verkalýðs- og sjómannafélag  
Bolungarvíkur  
Vélvirkinn sf

**SÚDAVÍK**  
Súðavíkurhreppur  
**PATREKSFJÖRÐUR**  
Oddi hf, fiskvinnsla-útgærd  
**TÁLKNAFJÖRÐUR**  
Bókhaldsstofan Tálknafirði  
T.V. Verk ehf

**BÍLDUDALUR**  
Íslenska kalkþörungafélagið

**ÞINGEYRI**  
Grillir ehf  
Hótel Núpur  
**HÓLMAVÍK**  
Kaupfélag Steingrímsfjarðar

**DRANGSNES**  
Grímsey ST2  
**HVAMMSTANGI**  
Húnaþing vestra  
Kvenfélagið lðja

**BLÖNDUÓS**  
Áfangi ehf  
Blönduósbær  
Húnavatnshreppur  
Samstaða, skrifstofa  
verkalýðsfélaga  
**SKAGASTRÖND**  
Kvenfélagið Hekla

Marska ehf  
Skagabyggð  
Vík ehf  
**SAUÐÁRKRÓKI**  
Bókhaldsþjónusta KOM ehf  
Dögun ehf  
FISK-Seafood ehf  
Fjólmundur ehf  
Íslenskt Eldsneyti  
Skagafjarðarveitur  
Tannlæknastofa Ingimundar  
Guðjónssonar ehf  
Vörumiðlun ehf  
**VARMAHLÍÐ**  
Akrahreppur Skagafirði  
**SIGLUFJÖRÐUR**  
Allinn, sportbar

# Virgni og vellíðan

## – Taktu ábyrgð á eigin lífi

**Virgni og vellíðan – Taktu ábyrgð á eigin lífi** er tveggja ára tilraunaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem hefst í september 2016. Verkefnið er hugsað fyrir einstæðar mæður á örorkubótum sem eru með unglunga á heimilinu. Þegar börn þeirra verða 18 ára gömul falla barnabætur niður og tekjur heimilisins minnka. Kvíði og óöryggi eru algengar tilfinningar þegar yngsta barnið nálgast 18 ára aldurinn, sérstaklega þegar það hefur bein áhrif á fjárhaginn. Eins er ekki óalgengt að konur upplifi sem þær séu án hlutverks þar sem börnin eru orðin sjálfbjarga. Með verkefninu viljum við hjálpa konunum að styrkja sig, skipuleggja og undirbúa þessi tímamót.

Gert er ráð fyrir að tíu konur taki þátt í verkefninu. Þær skuldbinda sig til að taka virkan þátt í námskeiðum og hópavinnu og þurfa að hafa einlægan vilja til að leggja sitt af mörkum við að breyta aðstæðum sínum. Bæði verður unnið með hópinn í heild og á einstaklingsmiðaðan hátt í gegnum viðtöl, námskeið og hópavinnu. Unnið verður út frá markmiðum hvers og eins, áhugasviðum og styrkleikum. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins verða þátttakendum innan handar, hjálpa þeim að setja sér markmið, koma auga á lausnir og gera með þeim áætlun.



### Það sem er í boði:

- Sjálfstyrkingarnámskeið
- Fjármálanámskeið
- Hópavinna
- Fjármálaráðgjöf
- Einstaklingsviðtöl
- Endurhæfing
- Eftirfylgni
- Sjálfbóðaliðastarf
- Einstaklingsáætlun
- Hvað vilt þú?



Hjálparstarf  
kirkjunnar

Nánari upplýsingar veita félagsráðgjafar Hjálparstarfsins í síma 528 4400 – tölvupóst á [vilborg@help.is](mailto:vilborg@help.is) og [saedis@help.is](mailto:saedis@help.is)



## Hvernig á myndin að vera?

Hvernig mynd á að birta til að fjalla um aðstæður þeirra sem búa við fátækt án þess að gera lítið úr fólkinu sem myndin er af? Um það vill Pepp-hópur EAPN á Íslandi meðal annars ræða.

## Fjölmíðlaverðlaun götunnar

Ísland er lítið samfélag og smæðin gerir mörgum erfitt um vik að ræða fjárhagslega örðugleika sína á opinberum vettvangi. Æsifréttaamennska og smellibrellufyrirsagnir sem því miður hefur örlað á í umfjöllun fjölmíðla um fátækt hér á landi koma enn frekar í veg fyrir að fólk sé tilbúið til að opna sig um viðkvæm mál. Neikvæð umfjöllun afvegaleiðir ekki aðeins umræðuna og skapar mjög skekka og neikvæða mynd af fólki sem upplifir fátækt heldur veldur því jafnframt að fólk upplifir skömm og einangrast í aðstæðum sínum.

Á þessu vill Pepp-hópur EAPN á Íslandi\* gjarnan sjá breytingu. Við, fólk sem þekkir fátækt af eigin raun og erum sérfræðingar í málaflokknum, ætlum því að hvetja fjölmíðlafólk til þess að efla málefnalega umfjöllun um fátækt með því að veita „Fjölmíðlaverðlaun götunnar“.

Í janúar 2017 stefnum við að því að veita verðlaun fyrir málefnalegustu umfjallanirnar um fátækt á árinu 2016. Verðlaunin er byggð á fyrirmynd frá EAPN í Austurríki þar sem þau hafa verið veitt 5 ár í röð í fjórum flokkum eftir miðlunarleiðum; sjónvarpi, útvarpi, prentmiðlun og netmiðlun.

Auk verðlaunaafhendingar er ætlunin að fá fjölmíðlafólk og fræðafólk háskólanna í lið með okkur til að fjalla um birtingarmyndir og ímyndir fátæktar á opnum fundum þar sem tækifæri gefst til að ræða um þetta margslungna fyrirbæri á faglegum og uppbyggilegum nótum. Það er allra hagur.



Laufey Ólafsdóttir, samhæfingastjóri Pepp á Íslandi

\*EAPN (European Anti-Poverty Network) eru evrópsk samtök sem vinna að farsæld og þátttöku allra í samfélaginu. Að EAPN á Íslandi standa frjáls félagasamtök sem vinna sameiginlega að málefnum hérlandis. Pepp-hópurinn vinnur grasrótastarf EAPN á Íslandi og er Pepp íslenskað heiti yfir PEP sem stendur fyrir People experiencing poverty (fólk með reynslu af fátækt).

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

#### AKUREYRI

Almenna lögbjónustan ehf  
Amaro heildverslun  
ÁK smíði ehf  
Átak Heilsurækt ehf  
Baldur Halldórsson ehf  
Baugsbót ehf,  
bifreiðaverkstæði  
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins  
Brynja ehf  
Bútur ehf  
Endurhæfingastöðin ehf  
Farfuglaheimilið Stórholti  
Fjölumboð ehf  
Fremri Almannatengsl  
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-  
www.rettarholl.is  
Gróðrarstöðin Sólsgógar ehf  
Grófargil ehf

Hagvís ehf  
Halldór Ólafsson, úr og  
skartgripir  
Hnyfill ehf  
HSH verktafar ehf  
Höldur ehf, bílaleiga  
Íslensk verðbréf hf  
K.B. bólstrun  
KG sendibílar ehf  
Kjarnafæði hf  
Knattpyrnufélag Akureyrar  
Kraftfag ehf  
Kung Fu sticks + sushi  
La Vita é Bella Veitingastaður  
Miðstöð ehf  
Múrið ehf  
Norðurorka hf  
Passion, hársnyrtistofa  
Rafmenn ehf

Raftákn ehf - Verkfræðistofa  
Rakara- og hárstofan  
Kaupangi  
Sjúkrahúsið á Akureyri  
Skóhúsið - Bónusskór  
Steypastöð Akureyrar ehf  
Steypastöðun Norðurlands ehf  
Timbra ehf, byggingarverktaki  
Trétak ehf  
Veitingastaðurinn Krua Siam  
Vélsmiðjan Ásverk ehf

#### GRÉNIVÍK

Grýtabakkahreppur

#### GRÍMSEY

Sigurbjörn ehf, fiskverkun

#### DALVÍK

Salka-Fiskmiðlun hf  
Vélvirki ehf, verkstæði

Ólafsfjörður  
Brimnes hótél og bústaðir  
Skiltagerð Norðurlands ehf

#### HÚSAVÍK

Fatahreinsun Húsavíkur sf  
Gistiheimilið Sigtún ehf-www.  
gsigtun.is  
Sköbúð Húsavíkur ehf  
Steinsteyppir ehf  
Vikurraf ehf

#### LAUGAR

Gistiheimilið Stóru-Laugar,  
s: 464 2990

#### MÝVATN

Dimmuborgir guesthouse  
Mývatn Tours  
Vogar, ferðabjónusta

#### KÓPASKER

Vökvaþjónusta Kópaskers ehf

#### ÞÓRSHÖFN

Geir ehf

#### BAKKAFJÖRÐUR

Hraungerði ehf

#### VOPNAFJÖRÐUR

Blikar ehf  
Ferðabjónustan Syðri-Vík

#### EGILSSTAÐIR

Ágúst Bogason ehf  
Bílamálun Egilsstöðum ehf  
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Bólholt ehf  
Gistihúsið - Lake Hotel  
Egilsstaðir  
Héraðsprent ehf  
Klassik ehf

Laugarfell

Miðás ehf

Rafey ehf

Skrifstofubjónusta Austurlands

#### SEYÐISFJÖRÐUR

Lónsleira Apartments  
Seyðisfjarðarkaupstaður

#### REYÐARFJÖRÐUR

Tærgesen, veitinga- og  
gistihús

#### ESKIFJÖRÐUR

Eskja hf  
H.S. Lækning ehf

#### NESKAUPSTAÐUR

Fjarðalagnir ehf  
Sildarvinnslan hf  
Verkmenntaskóli Austurlands

## Veglegur styrkur frá íslenska söfnuðinum í Noregi


Þriðjudaginn 5. apríl síðastliðinn afhenti Kristján Daðason, ritari Ólafusjóðs íslenska safnaðarins í Noregi, Bjarna Gíslasyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar, 450.000 króna styrk sjóðsins við verkefni Hjálparstarfsins á Íslandi.

Ólafusjóður var stofnaður árið 2009 og er ætlað að mæta tímabundnum erfiðleikum t.d. í tengslum við veikindi, dauðsföll eða önnur áföll sem dunið geta yfir einstaklinga og fjölskyldur. Heiti sjóðsins er til minningar um Ólafiu Jóhannsdóttur, sem hjálpaði nauðstöddum konum í Osló upp úr aldamótunum 1900.



## Samstarf í þágu barna af erlendum uppruna sem búa við kröpp kjör

María Ágústsdóttir og Eric Guðmundsson, fyrir hönd Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga, og Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, skrifuðu í byrjun júní undir viljayfirlýsingu um samstarf til að stuðla að því að börnum efnalítilla foreldra af erlendum uppruna líði vel og taki virkan þátt í leik og starfi með jafnöldrum sínum. Kristin trúfélög vilja styrkja börnin til þátttöku í félags- og íþróttastarfi en félagsráðgjafar Hjálparstarfsins munu hafa umsjón með úthlutun styrkja.



## Viltu hlaupa maraþon fyrir Hjálparstarfið?

Hjálparstarf kirkjunnar hjálpar þeim sem búa við mikla fátækt, hvort sem er hér á Íslandi eða í fátækustu samfélögum heims. Á Íslandi er það sérstakt markmið okkar að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna og unglunga sökum efnaleysisins og því aðstoðum við efnalítla foreldra um land allt með því að útvega þeim inneignarkort í matvöruverslanir og í ritfangaverslanir til að kaupa skólabækur. Einnig er veittur stuðningur vegna kaupa á fatnaði í upphafi skólaárs og veittir eru styrkir vegna íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstunda barna og unglunga. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins veita ráðgjöf og bjóða upp á námskeið og verkefni sem stuðla að aukinni virkni fólks, bættir sjálfsmyndina og eykur sjálfstraustið. Viltu þú hlaupa fyrir Hjálparstarfið í Reykjavíkumaraþoninu í ágúst? Endilega komdu þá í Facebookhópinn okkar **Víð hlaupum fyrir Hjálparstarf kirkjunnar**. Takk fyrir að vera með okkur í að hjálpa fólki til sjálfshjálpar!



Aníta Kristjánsdóttir útskrifaðist sem félagsráðgjafi frá Háskóla Íslands í lok júní. Hún var í starfsþjálfun hjá Hjálparstarfi kirkjunnar á vorönn.



## Þakklæti

Áður en ég kom hingað inn á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar í fyrsta sinn í vetur vissi ég í raun ekki mikið um starfið hér og vissi ekki við hverju ég ætti að búast. Ég ákvað hins vegar að koma hingað í starfsþjálfun með opnum huga og jákvæðni, tilbúin að anda inn allri þeirri reynslu sem biði mín. Það sem stendur upp úr eftir námsdvölinna hér er hægt að taka sama í einu orði: Þakklæti.

Fyrsta daginn minn settist ég niður með starfsþjálfunar-kennaranum mínum sem hóf að segja mér við hverju ég mætti búast á starfsþjálfunartímanum og hvernig ég ætti eftir að kynnast hópi samfélagsins sem ekki bæri mikið á og hefði lágværar raddir. Og það voru orð að sönnu.

Ég kynnist hópi fólks sem maður gleymir stundum að sé til. Ég hitti fjölda einstaklinga og hver og einn hafði sína sögu, sín vandamál og sína reynslu. Hjálparstarfið er gjarnan sá staður

sem fólk kemur til í neyð og þegar lítið er orðið um peninga, því fylgir gjarnan eymd og erfiðleikar.

Það var því strax eftir fyrstu viku sem ég fór að finna fyrir þakklæti, þessu mikla þakklæti fyrir allt sem ég hafði. Þakklæti fyrir góða fjölskyldu, góða heilsu, góða vini og góð tækifæri. Einhvern daginn í viku tvö var ég að tala við móður mína í símann og vildi endilega þakka henni fyrir alla ástina, stuðninginn og skilninginn sem hún hafði veitt mér í gegnum árin. „Ha? Já já ekkert mál,” sagði hún eins og ekkert væri sjálfsgaðara. En þetta er alls ekki svo sjálfsgagt. Sumir alast upp við erfiðar aðstæður, glíma við heilsubrest, lenda í ofbeldissamböndum eða öðrum áföllum sem skilja eftir sig sár sem erfið er að græða. Ég labba út úr Hjálparstarfinu ótrúlega þakklát fyrir allt sem ég á og alla þá sem ég á að.

*Aníta Kristjánsdóttir*

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

#### FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Loðnurvinnslan hf

#### STÖÐVARFJÖRÐUR

Brekkan - Verslun og veitingastofa  
Slöttur ehf

#### DJÚPAVOGUR

Fornustekkar ehf  
Hótel Framtíð ehf

#### HÖFN Í HORNAFIRÐI

Ferðaþjónustan Ámanes  
Þingvað ehf,  
byggingaverktakar  
Prastarhóll ehf

#### SELFOSS

Árvirkinn ehf

Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf

Flóahreppur

Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi

Guðnabakarí ehf

Kvenfélag Grímsneshrepps

Lindin, verslun

Málarinn Selfossi ehf

Málningarþjónustan ehf

Máttur sjúkraþjálfun ehf

Mjólnir, vörubílstjórafélag

Pylsvagninn Selfossi við brúarendann

Reykhóll ehf

Súperbygg ehf

Tannlæknabjónustan.is

Útfararþjónustan Fylgd ehf

Österby-hár

#### PORLÁKSHÖFN

Fagus hf

Frostfiskur ehf

#### ÖLFUS

Eldhestar ehf

#### FLÚÐIR

Ásgerði II ehf

Flúðasveppir ehf

Hitaveita Flúða og nágrennis

Hrunamannahreppur

#### HELLA

Hestvítt ehf

Varahlutaverslun Björns Jóhannsson

#### HVOLSVÖLLUR

Búaðföng-bu.is

Eldstó ehf

Kvenfélagið Freyja

Sögusetrið Hvolsvelli

www.njala.is

#### VÍK

Mýrdælingur ehf

#### KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Hótel Laki

Icelandair Hótel Klaustur

Skaftárhreppur

#### VESTMANNAEYJAR

Bergur-Huginn ehf

Bilaverkstæði Sigurjóns

Bókasafn Vestmannaeyja

Bragginn sf, bilaverkstæði

D.P.H ehf, sjúkraþjálfun

Eyjablíkk ehf

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Salka

Teiknistofa Páls

Zóphóníassonar ehf

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

## Framlag til neyðaraðstoðar við flóttafólk frá Sýralandi í stað afmælisgjafar

Torfi H. Ágústsson varð sjötugur þann 25. mars síðastliðinn. Hann hélt upp á afmælið sitt og bauð fólkinu sínu til veislu. Torfi afþakkaði gjafir en bauð gestum að setja seðil í bauk til að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þágu flóttafólks frá Sýralandi.

Í byrjun apríl afhenti Torfi svo Bjarna Gíslasyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfsins, 180.000 króna peningagjöf frá honum, Margréti Jónsdóttur eiginkonu hans, vinum og ættingjum. Söfnunarféð rennur til neyðaraðstoðar við flóttafólk í Líbanon en þar er um 1,5 milljón flóttamanna frá Sýralandi.

Samstarfsaðili Hjálparstarfsins, International Orthodox Christian Charities (IOCC), hjálpar fólki sem hefur orðið að flýja heimili sín og er heimilislaut, hjá venslafólki eða í flóttamannabúðum í Sýralandi, Jórdaníu og Líbanon. Á árinu 2016 áætlað IOCC að aðstoða samtals um 60 þúsund manns með því að tryggja þeim aðgang að heilsugæslu og útvega fæði, skjól og húsbúnað ásamt því að gera börnum kleift að sækja skóla og veita flóttafólkinu sálrænan stuðning. Þá er móttökusamfélögum hjálpað svo þau geti sem best tekið á móti sífellt fleira flóttafólki.

Í Líbanon vinna heimamenn og flóttafólk hlið við hlið við að matreiða næringarríka máltíð sem sem nniheldur 17% fitu, 12% prótein og næga orku fyrir börn, barnshafandi konur, fatlaða og þá sem ekki hafa aðgang að eldunaraðstöðu. Flóttakonurnar sem matbúa fá greitt fyrir vinnu sína og þannig tækifæri til að aðlagast nýju samfélagi betur.

Á gjafabréfasíðu Hjálparstarfs kirkjunnar [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is) er hægt að kaupa gjafabréf sem heitir **Heit máltíð - fyrir fólk á flóttu**. Andvirði þess, 2.500 krónur, rennur til neyðaraðstoðar við flóttafólk frá Sýralandi í Jórdaníu og Líbanon.



# Pollasjóður

## Styrktu barn til tónlistarnáms



**Veittu tónlistarfólki framtíðarinnar ómetanlegan stuðning.**

Með því að gefa gjafabréf frá Pollasjóðnum styður þú við markmið sjóðsins sem stofnaður var í þeim tilgangi að veita börnum efnalítilla foreldra styrk og þar með tækifæri til að láta draum sinn rætast og stunda tónlistarnám.

***Gefðu gjöf sem gefur!***